

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 40/2003

frá 16. maí 2003

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 3/2003 frá 31. janúar 2003 ⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/53/EB frá 13. júní 2002 um sameiginlega skrá yfir yrki nytjajurta í landbúnaði ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/54/EB frá 13. júní 2002 um markaðssetningu sykkurrófufræs ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.
- 4) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/55/EB frá 13. júní 2002 um markaðssetningu matjurtafræs ⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.
- 5) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/57/EB frá 13. júní 2002 um markaðssetningu olíu- og trefjajurtafræs ⁽⁵⁾ skal felld inn í samninginn.
- 6) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/68/EB frá 19. júlí 2002 um breytingu á tilskipun 2002/57/EB um markaðssetningu olíu- og trefjajurtafræs ⁽⁶⁾ skal felld inn í samninginn.
- 7) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/756/EB frá 16. september 2002 um skilyrði fyrir samanburðartilraunum og -prófunum á vegum bandalagsins á fræi og fjölgunarefni tiltekinnna plantna samkvæmt tilskipunum ráðsins 66/401/EBE, 66/402/EBE, 68/193/EBE, 92/33/EBE, 2002/54/EB, 2002/55/EB, 2002/56/EB og 2002/57/EB ⁽⁷⁾ skal felld inn í samninginn.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 94, 10.4.2003, bls. 47 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 19, 10.4.2003, bls. 3.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 193, 20.7.2002, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 193, 20.7.2002, bls. 12.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 193, 20.7.2002, bls. 33.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 193, 20.7.2002, bls. 74.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 195, 24.7.2002, bls. 32.

⁽⁷⁾ Stjtið. EB L 252, 20.9.2002, bls. 33.

- 8) Með tilskipun 2002/53/EB er felld úr gildi tilskipun ráðsins 70/457/EBE sem er hluti af samningnum og ber því að fella úr honum ⁽⁸⁾.
- 9) Með tilskipun 2002/54/EB er felld úr gildi tilskipun ráðsins 66/400/EBE sem er hluti af samningnum og ber því að fella úr honum ⁽⁹⁾.
- 10) Með tilskipun 2002/55/EB er felld úr gildi tilskipun ráðsins 70/458/EBE sem er hluti af samningnum og ber því að fella úr honum ⁽¹⁰⁾.
- 11) Með tilskipun 2002/57/EB er felld úr gildi tilskipun ráðsins 69/208/EBE sem er hluti af samningnum og ber því að fella úr honum ⁽¹¹⁾.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

I. gr.

III. kafli I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirtaldir liðir bætist við á eftir 9. lið (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 74/268/EBE) í 1. hluta:

- „10. **32002 L 0053:** Tilskipun ráðsins 2002/53/EB frá 13. júní 2002 um sameiginlega skrá yfir yrki nytjajurta í landbúnaði (Stjtið. EB L 193, 20.7.2002, bls. 1).

Ákvæði þessarar tilskipunar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Vísanir til annarra gerða í tilskipuninni eiga við ef þær gerðir hafa verið felldar inn í samninginn og þá í þeirri mynd sem þær eru þar.

11. **32002 L 0054:** Tilskipun ráðsins 2002/54/EB frá 13. júní 2002 um markaðssetningu sykurrófufraes (Stjtið. EB L 193, 20.7.2002, bls. 12).

Ákvæði þessarar tilskipunar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Vísanir til annarra gerða í tilskipuninni eiga við ef þær gerðir hafa verið felldar inn í samninginn og þá í þeirri mynd sem þær eru þar.

12. **32002 L 0055:** Tilskipun ráðsins 2002/55/EB frá 13. júní 2002 um markaðssetningu matjurtafraes (Stjtið. EB L 193, 20.7.2002, bls. 33).

⁽⁸⁾ Stjtið. EB L 225, 12.10.1970, bls. 1.

⁽⁹⁾ Stjtið. EB L 125, 11.7.1966, bls. 2290.

⁽¹⁰⁾ Stjtið. EB L 225, 12.10.1970, bls. 7.

⁽¹¹⁾ Stjtið. EB L 169, 10.7.1969, bls. 3.

Ákvæði þessarar tilskipunar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Vísanir til annarra gerða í tilskipuninni eiga við ef þær gerðir hafa verið felldar inn í samninginn og þá í þeirri mynd sem þær eru þar.

10. **32002 L 0057:** Tilskipun ráðsins 2002/57/EB frá 13. júní 2002 um markaðssetningu olíu- og trefjajurtafræs (Stjtið. EB L 193, 20.7.2002, bls. 74), eins og henni var breytt með:

- **32002 L 0068:** Tilskipun ráðsins 2002/68/EB frá 19. júlí 2002 (Stjtið. EB L 195, 24.7.2002, bls. 32).

Ákvæði þessarar tilskipunar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Vísanir til annarra gerða í tilskipuninni eiga við ef þær gerðir hafa verið felldar inn í samninginn og þá í þeirri mynd sem þær eru þar.“

2. Textinn í 1. lið (tilskipun ráðsins 66/400/EBE), 4. lið (tilskipun ráðsins 69/208/EBE), 5. lið (tilskipun ráðsins 70/457/EBE) og 6. lið (tilskipun ráðsins 70/458/EBE) í 1. hluta falli brott.

2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 20. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/454/EB) í 2. hluta:

„21. **32002 D 0756:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/756/EB frá 16. september 2002 um skilyrði fyrir samanburðartilraunum og -prófunum á vegum bandalagsins á fræi og fjölgunarefni tiltekinna plantna samkvæmt tilskipunum ráðsins 66/401/EBE, 66/402/EBE, 68/193/EBE, 92/33/EBE, 2002/54/EB, 2002/55/EB, 2002/56/EB og 2002/57/EB (Stjtið. EB L 252, 20.9.2002, bls. 33).

Ákvæði þessarar tilskipunar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Vísanir til annarra gerða í tilskipuninni eiga við ef þær gerðir hafa verið felldar inn í samninginn og þá í þeirri mynd sem þær eru þar.“

2. gr.

Texti tilskipana 2002/53/EB, 2002/54/EB, 2002/55/EB, 2002/57/EB og 2002/68/EB og ákvörðunar 2002/756/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 17. maí 2003 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 16. maí 2003.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

P. Westerlund

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

P.K. Mannes

M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.